

Nd.

503. Nefndarátt

um frv. til laga um forkaupsrjett kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Það er rjett, sem segir í nefndarálti hv. meiri hl. (þskj. 492), að minni hl. lýsti því yfir í nefndinni, að hann gæti til samkomulags gengið að því, að forkaupsrjettur væri á hafnarmannvirkjum, en meiri hlutinn taldi sjer ekki fært að ganga að því, og klofnaði nefndin þess vegna um málið.

Þar sem minni hl. telur ekki verulega þörf á forkaupsrjetti hafnarmannvirkja og þar sem samkomulag náðist ekki á þeim grundvelli, sem fyrir er nefndur, þá telur minni hl. ekki ástæðu til að mæla með, að frv. verði að lögum með breytingum, og munu nánari ástæður fyrir því raktar í framsögu.

Minni hl. leggur til, að frv. verði felt.

Alþingi, 16. mars 1928.

Magnús Guðmundsson,
frsm.

Hákon Kristófersson.